

Orðaspjall

Orðskýringar

Að leggja upp: fara af stað, pakka og leggja af stað.

Á: stærra en lækur en minna en fljót. Ein beygingarmynd af orðinu ær (kind).

Áliðnum degi: klukkan er orðin margt. Dagurinn er búin að liða. Seinna um daginn.

Bakkanna: barmur, brún í landslagi. Skýjabólstur við sjóndeildarhring, skýjabakki. Getur líka verið grunnt, opið ílát sem er notað til að bera fram mat.

Ekki með öllum mjalla: ekki vera með skýra hugsun.

Fremstur – Innstur: fremstur er efsta stig fyrir fremri, sá sem er fyrir framan þig. Innstur efsta stig fyrir innar, sá sem er fjær eða lengst frá útganginum.

Geysimikið: mjög mikill. Stórt.

Haugi: hlaðinn legstaður, gröf (frá fornöld). Getur líka verið hrúga.

Hríð: tími. Beðið í einhvern tíma. Getur líka verið snjócoma með hvassviðri.

Hrosshaus: haus af hesti.

Hrúga: að mynda hrúgu af einhverju. Hlaða upp efnivið þannig það myndar hrúgu. Getur líka verið lítill haugur sem er óskipulegt samsafn af einhverju.

Kátur: í góðu skapi, glaður. Orðasamband: nú er kátt á hjalla eða það ríkir mikil gleði.

Kút: Stórt, sívalt (oftast) ílát undir t.d. vökva. Getur líka verið uppblásinn hringur sem börn nota í sundi og gæluorð um lítinn strák.

Lagsmaður: félagi eða kunningi.

Leið: slóð sem er farin, vegur eða braut. Getur líka verið verið aðferð, úrræði eða lausn. Gufan leið eða sveif yfir völlinn.

Lækjarsprænu: lítill lækur. Spræna er hægt að nota yfir hlandbunu eða á meðan maður er að pissa.

Maðkaflugur: fiskifluga. Stór svört fluga (af ætt Calliphoridae)

Peninga: mynt sem er notuð sem gjaldmiðill. Hægt að kaupa með pening. Getur líka verið notað yfir nautgripi.

Skinin: veðruð bein. Bein sem hafa legið úti í einhvern tíma og eru orðin mött.

Svipa – skaftið: ól á handfangi til að slá í hesta til að þeir fari áfram. Getur líka verið að svipa til einhvers eða að vera líkur einhverjum.

Velli: flatt svæði eins og grasvöllur eða flugvöllur.

Þaut: að fara mjög hratt. Getur líka verið að hvína t.d. vindurinn þaut í trjákrónunum.

Þúfu: dálitil ójafna í grónu landi, mó eða túni.

Samheiti og andheiti

Orð	Samheiti	Andheiti
Fremstur	Vera í fararbroddi	Innstur
Hríð	Hryðja	
Hrosshaus	Hesthaus	
Hrúga	Bingur, hraukur eða haugur	
Kátur	Glaður	Ókátur, leiður
Kút	Legill	
Lækjarsprænu	Læna eða lækjarseytla	
Maðkaflugur	Fiskifluga	
Peninga	Fjármunir	
Svipa – skaftið	Pískur	